

Blönduósbær
b/t Þorgils Magnússon
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Reykjavík 1. júlí 2019
UST201906-257/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Þingeyraklausturskirkja - Húnavatnshreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps er barst 25. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Þingeyraklausturskirkju í Húnavatnshreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið tekur yfir 1,35 ha svæði sem nær yfir Þingeyraklausturskirkju og þau mannvirki sem tilheyra kirkjunni, s.s. þjónustuhús hennar (Klausturstofu) og bílastæði. Auk þess kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er að gera tillögu að nýrri aðkomuleið, nýju bílastæði fyrir um 40 bíla, göngustígum, torgi og veggjum, gera tillögu að umhverfi þjónustuhúss, staðsetja byggingarreit fyrir geymslu og setja fram skilmála um húsgerð.


Megináherslur skipulagsins eru að uppbygging bæti ásýnd staðarins, rýri ekki staðhætti, landslag og menningarminjar.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram ekki er talið að deiliskipulagið hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða kalli á samanburð milli kosta. Í tillögunni er gert ráð fyrir að bílastæði sé fært í norður á tiltölulega óraskað svæði og telur því Umhverfisstofnun mikilvægt að landslagi og gróðurfari sé lýst í forsendukafli tillögunnar og metið hver áhrif tillögunnar hefur á óraskað svæði. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) séu innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin grasmóavist sem er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allt rask á vistgerðum með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar sé haldið í algjöru lágmarki og leggur stofnunin til að farið verði í mótvægisáðgerðir t.d. með uppgræðslu með ofangreindum vistgerðum á nærliggjandi svæðum.


Geirastaðaaflleggjari

Samkvæmt uppdrætti eru bæði innan skipulagssvæðisins og rétt fyrir utan þess nokkrir slóðar og troðningar sem liggja norður að Geirastöðum. Auk þess kemur fram á uppdrætti að hægt sé að fara í gegnum bílastæði að Geirastaðaaflleggjara og þaðan norður. Tillagan eins og hún er kynnt leggur mikla áherslu á góða ásýnd svæðisins og því leggur Umhverfisstofnun til að slóðum á svæðinu sé haldið í algjöru lámarki.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur